

Velyo VeleV gegn Búlgaríu

Dómur frá 27. maí 2014

Mál nr. 16032/07

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Fangar. Gæsluvarðhald. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.

1. Málsatvik

Árið 2005 sótti kærandi, sem þá sat í gæsluvarðhaldi og beið dóms, um leyfi til að stunda nám innan fangelsisveggjanna. Umsókn hans var hafnað af fangelsisýfirvöldum með þeim rökum að kærandi hafi áður afplánað fangelsisdóm og ætti því ekki að umgangast fanga sem væru að afplána sinn fyrsta dóm, að því gefnu að hann yrði sakfelldur í því dómsmáli sem beið úrlausnar. Kærandi kærði þessa ákvörðun til dómstóla en máli hans var vísað frá dómi á þeim grundvelli að gæsluvarðhaldsfangar ættu ekki rétt til að sækja sér menntun innan fangelsisveggjanna, heldur væri sá réttur bundinn við afplánunarfanga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi höfnun yfirvalda á umsókn hans hafi falið í sér brot á 2. gr. 1. viðauka sáttmálans um rétt hans til að afla sér menntunar.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að fangar ættu, þrátt fyrir þá frelsisskerðingu sem leiddi af vistun þeirra, að njóta annarra réttinda sem tryggð væru í Mannréttindasáttmálanum. Því ætti kærandi rétt, skv. 2. gr. 1. viðauka, til þess að sækja sér menntun innan fangelsisins. Ákvæðið legði þá skyldu á búlgarska ríkið að sjá til þess að fangar ættu greið tækifæri til þess að afla sér menntunar, m.a. með því að koma upp skólum innan fangelsisveggjanna. Til þess að takmarka þennan rétt yrði ríkið þó að sýna fram á að sú takmörkun væri fyrirsjáanleg, væri sett í lögmætu markmiði og gætt væri meðalhófs við mat á því hvort takmörkunin væri réttlætanleg. Dómstóllinn taldi vafa bundið hvort um fyrirsjáanlega takmörkun væri að ræða í þessu tilviki, þar sem lög tryggðu afplánunarföngum rétt til menntunar, en þau lög giltu jafnan um gæsluvarðhaldsfanga eftir því sem við ætti. Þessi óvissa endurspegladist í því að umsókn kæranda var hafnað með mismunandi rökstuðningi af fangelsisýfirvöldum og dómstólum. Búlgarska ríkið réttlætti takmörkunina á rétti kæranda til menntunar á því að ekki væri ráðlegt að kærandi umgengist fanga sem væru að afplána sinn fyrsta dóm þar sem hann hefði afplánað dóm áður. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði ekki mótmælt því að umgangast aðra fanga og ekki væru skýr rök fyrir því að fangar sem afplánuðu sinn fyrsta dóm yrðu fyrir óæskilegum áhrifum af því að ganga í skóla með föngum sem hefðu áður hlotið dóm. Þá tók dómstóllinn fram að kærandi hafi beðið dóms og því ekki hægt að líta svo á að hann væri „endurkomufangi“ þar sem hann yrði að teljast saklaus þar til sekt hans er sönnuð fyrir dómi. Þá tók dómstóllinn ekki undir röksemdir ríkisins um að óvissa um tímalengd gæsluvarðhalds kæranda fram að dómsuppkvaðningu ylli því að ómögulegt yrði að skrá hann í skóla. Niðurstaða dómsins var því að brotið hafi verið gegn réttindum kæranda skv. 2. gr. 1. viðauka.

Dómstóllinn dæmdi búlgarska ríkið til þess að greiða kæranda 2.000 evrur í bætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans.